



**Láναςjóður sveitarfélaga ohf.**

**Árshlutareikningur 30. júní 2016**

---

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Eiginfjárfirlit .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8-23

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánaþyrftæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálaþyrftæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Hjá Lánasjóðnum starfa þrjú starfsmenn líkt og verið hefur frá árinu 2009.

### Afkoma og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins tæpum 700 milljónum króna samanborið við 414 milljónir króna á sama tíma árið 2015.

Heildareignir sjóðsins í lok tímabilsins voru 76.719 milljónir króna á móti 77.111 milljónum króna í árslok 2015. Útlán sjóðsins námu 71.045 milljónum króna í lok tímabilisins samanborið við 71.575 í árslok 2015. Þá nam eigið fé 16.889 milljónum króna á móti 16.712 milljónum króna í árslok 2015 og hefur hækkað um 1,1% á tímabilinu. Greiddur var arður vegna 2015 á tímabilinu að fjárhæð 523 milljónir króna. Vegið eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálaþyrftæki er 80% en var 79% í árslok 2015.

Hluthafar sjóðsins eru 74, en hann er í eigu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 28.

### Stjórnunarhættir


Stjórn Lánasjóðsins leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2015. Í mars 2013 veitti Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti Lánasjóðnum viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Viðurkenning þessi var seinast uppfærð mars 2016. Til frekari upplýsinga er vísað í ársskýrslu sjóðsins.


### Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra


Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur sjóðsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar og framkvæmdastjóra glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu 30. júní 2016 og rekstrarafkomu sjóðsins vegna fyrstu sex mánuða ársins 2016.


Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2016 með undirritun sinni.


Reykjavík, 29. ágúst 2016


  
Magnús B. Jónsson  
stjórnarformaður

  
Eydís Ásbjörnsdóttir

  
Kristinn Jónasson

  
Elliði Vignisson

  
Óttar Guðjónsson  
framkvæmdastjóri

  
Helga Benediktsdóttir

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2016. Samandregni árs hlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirsurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 29. ágúst 2016

PricewaterhouseCoopers ehf.



Arna G. Tryggvadóttir

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2016

		2016	2015
	Skýr.	1.1.-30.06.	1.1.-30.06.
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		2.409.909.470	2.501.951.245
Vaxtagjöld og verðbætur .....		(1.877.277.366)	(2.020.403.901)
<b>Hreinar vaxtatekjur samtals</b>	5	<u>532.632.104</u>	<u>481.547.344</u>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>			
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði .....	6	11.446.515	32.217.142
Hreinn gjaldeyrismunur .....	7	(5.795.231)	13.950.013
<b>Aðrar rekstrartekjur samtals</b>		<u>5.651.284</u>	<u>46.167.155</u>
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		538.283.388	527.714.499
<b>Almennur rekstrarkostnaður</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	8	47.049.093	31.238.561
Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu .....	9	22.704.256	22.219.790
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME .....		4.904.000	4.714.000
Annar rekstrarkostnaður .....	10	28.909.252	26.317.626
Afskriftir .....	17	597.814	597.814
<b>Almennur rekstrarkostnaður samtals</b>		<u>104.164.415</u>	<u>85.087.791</u>
Niðurfærsla vegna erlends láns .....	18	0	(28.967.034)
Tekjuf. v. krafna á gjaldþrota fjármálastofnanir .....	16	265.677.517	0
<b>Hagnaður tímabilsins</b>		<u>699.796.490</u>	<u>413.659.674</u>
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Grunnhagnaður og bynntur hagnaður á hlut .....	11	0,14	0,08

## Efnahagsreikningur 30. júní 2016

	Skýr.	30.6.2016	31.12.2015
<b>Eignir</b>			
Innstæður í Seðlabanka .....	12	4.765.527.740	5.163.730.450
Kröfur á lánastofnanir .....	13	287.372.957	12.126.733
Útlán og kröfur .....	14	70.793.739.316	71.133.684.457
Skammtímaútlán .....	15	251.750.000	441.145.278
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði .....	16	575.572.705	313.134.841
Rekstrarfjármunir .....	17	44.836.026	45.433.840
Aðrar eignir .....		383.969	1.847.794
<b>Eignir samtals</b>		<u>76.719.182.713</u>	<u>77.111.103.393</u>
<b>Skuldir</b>			
Verðbréfaútgáfa .....	20	54.393.940.840	54.381.643.307
Aðrar langtímalántökur .....	21	4.845.989.397	5.504.996.185
Skammtímalántökur .....	22	404.104.482	433.894.691
Lífeyrisskuldbinding .....	23	70.176.414	71.000.943
Aðrar skuldir .....	24	115.978.320	7.371.497
<b>Skuldir samtals</b>		<u>59.830.189.453</u>	<u>60.398.906.623</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður .....		1.250.000.000	1.250.000.000
Annað eigið fé .....		10.638.993.260	10.462.196.770
<b>Eigið fé samtals</b>	25	<u>16.888.993.260</u>	<u>16.712.196.770</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u>76.719.182.713</u>	<u>77.111.103.393</u>

## Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2016

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé*	Samtals
<b>Breytingar á eigin fé 2015</b>				
Eigið fé 1. janúar 2015 .....	5.000.000.000	1.250.000.000	9.416.459.387	15.666.459.387
Hagnaður janúar-júní 2015 .....			413.659.674	413.659.674
Eigið fé 30. júní 2015 .....	5.000.000.000	1.250.000.000	9.830.119.061	16.080.119.061
Hagnaður júlí-deember 2015 .....			632.077.709	632.077.709
Eigið fé 31. desember 2015 .....	5.000.000.000	1.250.000.000	10.462.196.770	16.712.196.770
<b>Breytingar á eigin fé 2016</b>				
Eigið fé 1. janúar 2016 .....	5.000.000.000	1.250.000.000	10.462.196.770	16.712.196.770
Arðgreiðsla vegna ársins 2015 .....			(523.000.000)	(523.000.000)
Hagnaður tímabilsins .....			699.796.490	699.796.490
Eigið fé 30. júní 2016 .....	5.000.000.000	1.250.000.000	10.638.993.260	16.888.993.260

\*Annað eigið fé samanstendur af óráðstöfuðu eigin fé og gangvirðisreikningi.

## Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2016

	Skýr.	1.1.-30.6.2016	1.1.-30.6.2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður tímabilsins .....		699.796.490	413.659.674
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</b>			
Hreinar vaxtatekjur teknar út .....		(532.632.104)	(481.547.344)
Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir .....		98.172.448	(17.557.689)
Lífeyrisskuldbinding, (lækkun) .....	23	(824.529)	(542.982)
Afskriftir .....	17	597.814	597.814
Varúðarfærsla .....	18	0	28.967.034
		<u>(434.686.371)</u>	<u>(470.083.167)</u>
<b>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum</b>			
Veitt langtímalán .....		(2.467.645.725)	(3.121.000.000)
Innheimt langtímalán .....		3.457.458.031	3.410.370.187
Fjáreignir á gangvirði, (hækkun) .....		(262.437.864)	(168.993.923)
Skammtímalán veitt af sjóðnum, lækkun / (hækkun) .....		190.000.000	(500.000.000)
Skammtímalán tekin af sjóðnum, (lækkun) .....		(29.769.218)	(127.331.098)
Aðrar eignir, lækkun .....		1.463.825	1.139.358
Aðrar skuldir, hækkun / (lækkun) .....		108.606.823	(460.133)
Fengnir vextir .....		1.491.528.270	1.443.936.805
Greiddir vextir .....		<u>(1.125.390.697)</u>	<u>(1.121.659.945)</u>
		1.363.813.445	(183.998.749)
<b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>		1.628.923.564	(240.422.242)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Lántaka .....		1.745.166.393	1.994.289.118
Afborganir langtímalána .....		(2.978.785.761)	(2.853.090.069)
Arðgreiðsla til sveitarfélaga .....		<u>(523.000.000)</u>	<u>0</u>
		(1.756.619.368)	(858.800.951)
<b>Lækkun á handbæru fé</b>		(127.695.804)	(1.099.223.193)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		4.739.318	831.099
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>5.175.857.183</u>	<u>4.306.499.920</u>
Handbært fé í lok tímabils .....		<u>5.052.900.697</u>	<u>3.208.107.826</u>
<b>Sundurliðun handbærs fjár</b>			
Innstæður í Seðlabanka .....		4.765.527.740	3.170.253.275
Kröfur á lánastofnanir .....		<u>287.372.957</u>	<u>37.854.551</u>
		<u>5.052.900.697</u>	<u>3.208.107.826</u>



# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin eru til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti árshlutareikning sjóðsins þann 29. ágúst 2016.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa hann með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá sjóðnum og á vef hans [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is), sem og á vef NASDAQ OMX Iceland hf., [www.omxnordicexchange.com](http://www.omxnordicexchange.com).

## 3. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2015.

## 4. Áhættustýring

Sem lánafyrirtæki stendur lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættupátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans.

Stjórn Lánasjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé fylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánasjóðsins gagnvart stjórninni. Lánasjóðurinn hefur fengið undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skuli fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn Lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. EY ehf. tók við hlutverki innri endurskoðunar, af Deloitte, árið 2015.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hins vegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættupátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættupættir eins og lausafjáraáhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfsemi. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

#### 4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Sveitarfélögin eru nú 74 talsins og eru 61 þeirra lántakendur hjá Lánasjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögnum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi sbr. kafla VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei komið til afskriftar vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu frá því að Lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Mat á útlánaáhættu hefur því aldrei leitt til virðisrýrnunar útlánasafnsins og Lánasjóðurinn hefur því engan afskriftarreikning vegna mögulegra útlánatapa í bókum sínum.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. 30. júní 2016 eru 99,62% útlána til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánsúmsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál eru lögð fyrir stjórn, annað hvort til ákvörðunar eða kynningar.

30. júní 2016 voru tveir viðskiptamenn flokkaðir sem viðskiptamenn með stóra áhættuskuldbindingu hjá Lánasjóðnum. Viðskiptamenn eru skilgreindir með stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglur FME nr. 625/2013 ef heildar skuldbindingar að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Tíu stærstu lántakendurnir eru ábyrgir fyrir um 59% af heildarútlánum sjóðsins, var 65% í árslok 2015. Hámarksáhætta, skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, á einn aðila má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

##### 4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn er í eigu íslenskra sveitarfélaga, og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Lánasjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar Lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá FME. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

##### 4.1.2 Mótaðilaáhætta

Framkvæmdastjóri hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á árinu 2016 hefur ekki komið til þess að sjóðurinn beiti veðrétti sínum í tekjum sveitarfélaga en sjóðurinn hefur einu sinni þurft að beita veði sínu, en það var gert árið 2010.

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins.

	30.6.2016	31.12.2015
<b>Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:</b>		
Innstæður í Seðlabanka .....	4.766	5.164
Kröfur á lánastofnanir .....	287	12
Útlán og kröfur á sveitarfélög og fyrirtæki þeirra .....	71.045	71.575
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði .....	576	313
Aðrar eignir .....	0	2
<b>Samtals mótaðilaáhætta</b>	<b>76.674</b>	<b>77.066</b>

## 4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjárahætta er hætta á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af vaxtaberandi skuldum sjóðsins haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðslufæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar endurgreiðslur.

Staða 30.6.2016 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>						
Handbært fé .....	5.053	-	-	-	-	5.053
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði .....	525	-	52	0	-	577
Útlán .....	551	3.862	6.158	35.721	41.314	87.606
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>6.129</b>	<b>3.862</b>	<b>6.210</b>	<b>35.721</b>	<b>41.314</b>	<b>93.236</b>
<b>Fjárskuldir</b>						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur .....	90	3.092	5.013	28.879	35.931	73.005
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>90</b>	<b>3.092</b>	<b>5.013</b>	<b>28.879</b>	<b>35.931</b>	<b>73.005</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>6.039</b>	<b>770</b>	<b>1.197</b>	<b>6.842</b>	<b>5.383</b>	<b>20.231</b>

Staða 31.12.2015 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>						
Handbært fé .....	5.176	-	-	-	-	5.176
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði .....	263	-	53	0	-	316
Útlán .....	592	3.007	7.301	35.577	41.878	88.355
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>6.031</b>	<b>3.007</b>	<b>7.354</b>	<b>35.577</b>	<b>41.878</b>	<b>93.847</b>
<b>Fjárskuldir</b>						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur .....	41	3.252	5.407	28.666	36.839	74.205
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>41</b>	<b>3.252</b>	<b>5.407</b>	<b>28.666</b>	<b>36.839</b>	<b>74.205</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>5.990</b>	<b>(245)</b>	<b>1.947</b>	<b>6.911</b>	<b>5.039</b>	<b>19.642</b>

### 4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem Lánasjóðurinn getur breytt einhliða.

#### Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 30.6.2016 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>					
ISK verðtryggt .....	6.960	23.673	19.810	13.260	63.703
ISK óverðtryggt .....	7.939				7.939
EUR .....	4.368				4.369
USD .....	471				471
GBP .....	12				12
JPY .....	90				90
CHF .....	90				90
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>19.930</b>	<b>23.673</b>	<b>19.810</b>	<b>13.260</b>	<b>76.674</b>
<b>Fjárskuldir</b>					
ISK verðtryggt .....	5.432	19.508	16.986	12.806	54.732
ISK óverðtryggt .....	404				404
EUR .....	4.096				4.096
USD .....	412				412
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>10.344</b>	<b>19.508</b>	<b>16.986</b>	<b>12.806</b>	<b>59.644</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>9.586</b>	<b>4.165</b>	<b>2.824</b>	<b>454</b>	<b>17.030</b>

#### Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2015 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
<b>Fjáreignir</b>					
ISK verðtryggt .....	6.864	23.004	20.905	12.583	63.356
ISK óverðtryggt .....	8.236	0	-	-	8.236
EUR .....	4.735	-	-	-	4.735
USD .....	534	-	-	-	534
JPY .....	91	-	-	-	91
CHF .....	97	-	-	-	97
GBP .....	14	-	-	-	14
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>20.571</b>	<b>23.004</b>	<b>20.905</b>	<b>12.583</b>	<b>77.063</b>
<b>Fjárskuldir</b>					
ISK verðtryggt .....	5.306	18.756	18.435	12.208	54.705
ISK óverðtryggt .....	434	-	-	-	434
EUR .....	4.712	-	-	-	4.712
USD .....	470	-	-	-	470
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>10.922</b>	<b>18.756</b>	<b>18.435</b>	<b>12.208</b>	<b>60.321</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>9.649</b>	<b>4.248</b>	<b>2.470</b>	<b>375</b>	<b>16.742</b>

#### 4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta, frh.

##### Vaxtanæmi

Greining á nettóvaxtanæmi 30. júní 2016 miðað við meðaltalslíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum hækkar hreinar vaxtatekjur Lánasjóðsins um 104 milljónir króna á ársgrundvelli eða 0,6% af eigin fé (árslok 2015: 152 milljónir króna eða 0,9% af eigin fé). Taflan sýnir áhrif vaxtabreytingarinnar á hagnað sjóðsins skipt niður á flokka eigna og skulda miðað við binditímanálgun.

Vaxtanæmi í m.kr.	Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar)	30.6.2016	31.12.2015
		Hagnaður eða tap	
ISK verðtryggt .....	100	107	155
ISK óverðtryggt .....	100	(2)	(2)
Erlendar myntir .....	100	(1)	(1)
<b>Samtals</b>		<b>104</b>	<b>152</b>

##### Verðbólguáhætta

30. júní 2016 átti Lánasjóðurinn verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir að fjárhæð 8.971 milljónir króna (árslok 2015: 8.651 milljónir króna). Þetta þýðir að 1% hækkun vísitölu neysluverðs myndi auka hagnað sjóðsins um 90 milljónir króna og 1% lækkun myndi orsaka lækkun hagnaðar um 90 milljónir króna.

Áhrif verðtryggingar í m.kr.	30.6.2016	31.12.2015
Verðtryggðar eignir .....	63.703	63.356
Verðtryggðar skuldir .....	54.732	54.705
<b>Nettó verðtryggingarstaða</b>	<b>8.971</b>	<b>8.651</b>

#### 4.4 Gjaldmiðlaáhætta

Stefna Lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhættu er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af reglum Seðlabanka Íslands og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

##### Næmigreining gjaldmiðla

Næmigreining gjaldmiðlastöðu sjóðsins sýnir að 10% veiking íslensku krónunnar eykur hagnað og eigið fé sjóðsins um 52 milljónir króna eða 0,3% af eigin fé. Taflan að neðan sýnir áhrif næmigreiningar gjaldmiðlastöðu sjóðsins skipt niður á myntir og sýnir áhrifin á hagnað og eigin fé Lánasjóðsins sem orsakast af 10% veikingu íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum.

Næmigreining gjaldmiðla í m.kr.	Styrking/veiking gjaldmiðils gagnvart íslensku krónunni	30.6.2016	31.12.2015
		Hagnaður eða tap	
EUR .....	(10%)	27	2
USD .....	(10%)	6	6
JPY .....	(10%)	9	9
CHF .....	(10%)	9	10
GBP .....	(10%)	1	1
<b>Samtals</b>		<b>52</b>	<b>29</b>

Lánasjóðurinn notaði eftirfarandi gengi erlendra gjaldmiðla fyrir reikningstímabilið sem ársreikningur þessi nær til:

	30.6.2016	31.12.2015	Breyting í %
EUR/ISK .....	137,13	141,71	(3,2%)
USD/ISK .....	122,94	129,90	(5,36%)
JPY/ISK .....	1,1956	1,0795	11%
CHF/ISK .....	126,00	130,86	(3,7%)
GBP/ISK .....	165,46	192,53	(14,06%)

#### 4.4 Gjaldmiðlaáhætta frh.

##### Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 30.6.2016

	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
<b>Fjáreignir</b>					
Handbært fé .....	237	1	-	-	238
Útlán .....	4.131	470	90	102	4.793
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>4.369</b>	<b>471</b>	<b>90</b>	<b>102</b>	<b>5.032</b>
<b>Fjárskuldir</b>					
Lántökur .....	4.096	412	-	-	4.508
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>4.096</b>	<b>412</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>4.508</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>273</b>	<b>59</b>	<b>90</b>	<b>102</b>	<b>524</b>

##### Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2015

	EUR	USD	JPY	Aðrar myntir	Samtals
<b>Fjáreignir</b>					
Handbært fé .....	1	-	-	-	1
Útlán .....	4.734	533	91	111	5.470
<b>Samtals fjáreignir</b>	<b>4.735</b>	<b>534</b>	<b>91</b>	<b>111</b>	<b>5.471</b>
<b>Fjárskuldir</b>					
Lántökur .....	4.712	470	-	-	5.182
<b>Samtals fjárskuldir</b>	<b>4.712</b>	<b>470</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>5.182</b>
<b>Nettó eignir - skuldir</b>	<b>23</b>	<b>64</b>	<b>91</b>	<b>111</b>	<b>289</b>

#### 4.5 Rekstraráhætta

Varðandi rekstraráhættu er stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla um alla helstu þætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvista skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu. Rekstur Lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir fremur einsleitir.

##### 4.5.1 Starfsmannaáhætta

Lánasjóðurinn er með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann fjárstýringar. Jafnframt hefur Lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmiskonar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánasjóðsins og sambandsins.

#### 4.5.2 Lagaleg áhætta

Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutfélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðum dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda.

Lánasjóðurinn hefur frá 1. júlí 2001 veitt lán í erlendri mynt að verðmæti samtals 15.376 milljónir króna miðað við upphaflegt verðmæti hvers láns umreiknað í íslenskar krónur. Stjórn Lánasjóðsins hefur ítrekað fjallað um lánasafnið útfra þeim dómum sem fallið hafa undanfarin ár vegna ólögðrar gengistryggingar (þ.e. verðtryggingu lána í íslenskum krónum miðað við þróun erlendra gjaldmiðla) og hefur verið á þeirri skoðun að lánasamningar sjóðsins hafi verið gerðir í samræmi við ríkjandi lög.

Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. stefndi sjóðnum vegna ágreinings um hvort lán væri í erlendri mynt eða bundið ólögðri gengistryggingu. Sú stefna var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 8. janúar 2015. Dómur féll 18. desember 2015, Lánasjóðnum í hag. Málinu var áfrýjað til Hæstarrettar og verður tekið fyrir 12. október 2016.

#### 4.6 Eiginfjárstýring

Markmið með stýringu á eigin fé er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að veða á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri sjóðsins.

